




Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Heildarskipulag Fossvogsdals

Vinna við sameiginlegt heildarskipulag Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar fyrir Fossvogsdal er að hefjast

Hverfisskipulag Árbær og Breiðholt

Nýlega var samþykkt að setja verklýsingar fyrir Árbær og Breiðholt í auglýsingu

Sumargötur 2015

Mikill stuðningur er við göngu- og sumargötur meðal borgarbúa samkvæmt könnun Capacent

Leiðari

Meðhöndlun úrgangs er mörgum efst í huga þegar spurt er um umhverfis-vernd. Kannanir meðal borgarbúa sýna að Reykvikingar eru mjög jákvæðir gagnvart flokkun til endurvinnslu og tilbúnir til aukinnar flokkunar með aukinni þjónustu við hirðu. Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnu í úrgangsstjórnun sem fram kemur í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Byggt á stefnu borgarinnar, svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og fleiri þáttum hafa nú verið unnin drög að aðgerðaáætlun í til næstu fimm ára sem mun bæta verulega úrgangsstjórnun í Reykjavík.

Aðgerðaáætlunin innifelur 42 aðgerðir sem m.a. miða að aukinni þjónustu við íbúa, aukinni flokkun á heimilissorpi til endurvinnslu, samstarfi við rekstraraðila og aðgerðum sem draga úr úrgangsmyndun. Sem dæmi eru áformaðar aðgerðir sem stuðla að minni matarsóun og stuðningur við fyrirtæki sem sinna viðhaldi og viðgerðum á skóm, húsgögnum og fatnaði. Í þessu tölublaði *Borgarsýnar* er m.a. gerð grein fyrir tilraun sem hafin er með söfnun á gleri við grenndarstöðvar en innan tíma-ramma áætlunarinnar er einnig gert ráð fyrir að hefja söfnun á gleri við heimili. Söfnun á plasti við heimili er á áætlun árið 2015. Kapp verður lagt á að fjarlægja sem mest af endurvinnsluefnum úr heimilissorpinu og nýta.

Mikilvægt er að aðgerðunum fylgi umhverfislegur og fjárhagslegur ávinningur. Of algengt er meðal sveitarfélaga hérlendis að ráðist er í breytta meðhöndlun úrgangs að erlendri fyrirmynd án þess að fyrir liggi greining eða mat á umhverfislegum ávinningi. Reykjavíkurborg mun sem áður bjóða íbúum val um þjónustu við meðhöndlun úrgangs. Sorphirðugjöld taka mið af umfangi þjónustu og tegund úrgangs í anda mengunarbótareglunnar og þannig verður hagrænn hvati til aukinnar flokkunar og úrgangsminnkunar. Aðgerðaáætlunin munu skila aukinni meðvitund um úrgangsmyndun og þannig hvetja til úrgangsminnkunar og aukinnar flokkunar til endurvinnslu.

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Samgönguvalkostir

Það eru margar ástæður fyrir því að það er eftir-sóknarvert að reyna að hafa áhrif á ferðavenjur borgarbúa



Árið 2014 var samþykkt nýtt Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 þar sem sett voru fram skýr markmið um að þetta byggð og bæta aðstöðu fyrir almenn-ingssamgöngur og virka ferðamáta eins og hjól og gangandi vegfarendur í borginni með það að markmiði að hafa áhrif á ferðavenjur borgarbúa á næstu árum og áratugum. Þegar hefur verið ráðist í miklar framkvæmdir til að byggja á þéttingarreitum, hægja á umferð, fækka bílastæðum og gera götur gönguvænni, ásamt því að stækka hjólastíganet borgarinnar eins og greint hefur verið

frá í fjölmörgum greinum í Borgarsýn. Ástæður fyrir slíkum framkvæmdum eru ljósar og oft álitnar sjálfgefnar fyrir þeim sem fást við skipulag, borgarhönnun og framkvæmdir en liggja ekki endilega í augum uppi fyrir öllum borgarbúum. Helsta ástæðan fyrir því að það sé

æskilegt að breyta ferðavenjum er ekki endilega að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Ef svo væri myndi ef til vill duga að taka upp vistvænni orku-gjafa, sem myndu gera fólki kleyft að halda áfram að keyra sinn einkabíl án þess að menga andrúmsloftið. Að draga

úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda er vissulega ein ástæða til að reyna að hafa áhrif á ferðavenjur fólks en það eru aðrar og ekki síður mikilvægar ástæður, sem ekki er hægt að hafa áhrif á öðruvísi en með breyttum ferðavenjum.

Jákvæð áhrif af breyttum ferðavenjum:

- **Götulíf:** Það er mikilvægt að hafa fólk á ferli fyrir lífið í borginni og öryggi gangandi vegfarenda eykst eftir því sem fleiri ganga. Verslun og þjónusta í nærumhverfi þrífst best í þéttri byggð þar sem fólk fer ferða sinna fótgangandi og hjólandi.
- **Samgönguvalkostur:** Íbúum er gert kleift að ferðast um borgina, sækja þjónustu og vinnu án þess að vera háð einkabíl.
- **Hagkvæmur kostur:** Rannsóknir hafa sýnt fram á að það er ódýrara að skapa aðstöðu fyrir aðra ferðamáta en einkabílinn en að bæta endalaust við umferðarmannvirkjum til að anna aukinni umferð. Auk þess taka bílastæði og önnur umferðarmannvirki oft upp dýrmætt byggingarland. Virkir ferðamátar og almenningssamgöngur eru auk þess mun hagkvæmari kostur fyrir einstaklinga.
- **Lýðheilsa:** Landlæknisembættið mælir með lágmark 30 mínútna hreyfingu á dag, sem hægt er að ná með því að nota virka ferðamáta. Minni mengun er einnig mikilvæg fyrir heilsuna.
- **Minni mengun:** Færri bílar á götunum þýðir minni útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Reykjavík er mjög ung borg og byggðist að mestu leyti upp eftir tilkomu einkabílsins og á að því leyti meira sameiginlegt með borgum Norður-Ameríku en Evrópu. Ferðavenjur í Reykjavík eru að sama skapi meira í takt við það sem gerist í dreifbýlum bílaborgum Norður-Ameríku en í eldri þéttbyggðari borgum Evrópu, sem byggðust upp að miklu leyti langt fyrir tíma vélknúinna farartækja.


Markmið aðalskipulagsins eru því alls ekki mjög háleit þegar miðað er við borgir eins og Trondheim í Noregi, sem er að mörgu leyti svipuð og Reykjavík t.d. hvað varðar íbúafjölda og veðurfar (sjá mynd 1). Markmið Reykjavíkur um hlutdeild virkra ferðamáta og almenn-ingssamgangna fyrir árið 2030 er svipað og núverandi ástand í Trondheim, þ.e. að hlutdeild bílferða af öllum ferðum lækki úr 75% árið 2010 í 58% árið 2030. Stefnt er að því að hlutfall virkra ferðamáta (göngu og hjóleiða) aukist í 30% og hlutfall ferða sem farnar eru með almenningssamgöngum aukist í 12% á sama tímabili. Það er því ekki gert ráð fyrir að „allir hjóli“ eins og heyrst hafa gagnrýnisraddir um og miðað við þá breytingu sem hefur átt sér stað á ferðavenjum á síðustu árum, þá eru þessi markmið fullkomlega raunhæf.

Samkvæmt þessum markmiðum mun meirihluti ferða áfram vera farinn í einkabíl en aðrir ferðamátar verða gerðir aðgengilegri fyrir þá sem kjósa að ferðast á annan hátt en í bíl. Breyttar ferðavenjur eru fagnaðarefni, líka fyrir þá sem kjósa að ferðast um á einkabíl, þar sem að álag á umferðarmannvirki minnkar eftir því sem færri ferðast um með þessum plássfreka ferðamáta. Til að mynda hefur verið reiknað út að morgunumferð um Miklubraut væri um

20–30% meiri í dag ef enginn strætó færi þar um og að umferðartafir myndu margfaldast.

Ákveðin vakning hefur átt sér stað í skipulagsmálum síðustu áratugi, ekki síst í tengslum við vitundarvakningu í umhverfismálum, og nú stefna flestar borgir að því að draga úr akstri einkabíla og auka hlutdeild almennings-samgangna og virkra ferðamáta, sama hversu „góð“ staðan er í dag. Þetta á einnig við um bílaborgir Norður-Ameríku, sem að hafa keppst við að efla almenningssamgöngur og innviði fyrir virka ferðamáta síðastliðin ár. Sjálf New York borg er þar í broddi fylkingar og hefur vakið athygli fyrir framsækna stefnu í þessum málum. Borgir sem vilja láta að sér kveða á alþjóðlegum vettvangi og vera eftirsóttur valkostur fyrir fólk að búa í og sækja heim, verði að hafa markmið um fjölbreytta samgönguvalkosti og stefna að því að verða lífvænlegar borgir. Reykjavíkurborg er í samkeppni um mannauð og fjárfestingar við aðrar borgir og leggur mikinn metnað í það að vera eftirsóttur áfangastaður. Stefna um þetta og lífandi borg sem sett er fram í aðalskipulaginu er stór þáttur í því verkefni.

Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur



Fossvogsdalur skipulag



Vinna við sameiginlegt heildarskipulag Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar fyrir Fossvogsdal er að hefjast. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu er skipulagslýsing

Í undirbúningi er vinna við heildarskipulag fyrir Fossvogsdalinn. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu er skipulagslýsing sem stefnt er að því að kynna á vormánuðum, en Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa ákveðið að gera sameiginlegt deiliskipulag fyrir Fossvogsdal.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er að stærstum hluta útivistarsvæði en innan þess er enn fremur íþróttasvæði, gróðrarstöðvar, skólar og hverfisverndarsvæði. Markmið með fyrirhugaðri skipulagsvinnu er að gera gott útivistarsvæði ennþá betra með því að tryggja íbúum fjölbreytta aðstöðu til útivistar, íþróttar og afþreyingar. Fossvogsdalur er mikilvægur hlekkur í keðju útivistarsvæðanna með Öskjuhlíð og Kársnes í vestri og Elliðaárdal

í austri. Tilgangur deiliskipulagsins er m.a. að sameina allar gildandi deiliskipulagsáætlanir innan svæðisins í eina til þess að fá heildstætt útivistarsvæði og ákveða framtíðaruppbyggingu í dalnum. Í deiliskipulaginu verða kannaðir möguleikar á staðsetningu sundlaugar í dalnum og stækkun á íþróttasvæði Víkings.

Deiliskipulagssvæðið er um 74 hektarar að stærð þar af eru um 30 hektarar innan Reykjavíkur en tæpir 44 innan Kópavogs. Deiliskipulagið tekur til opinna svæða, skólalóða, íþróttasvæða og garðyrkjustöðva og nær svæðið frá Kringlumýrarbraut í vestri og að Reykjanesbraut í austri en að sunnan og norðan nær það að íbúðarsvæðum beggja sveitarfélaga.

Dalurinn

Fossvogsdalur er um 2,5km langur og er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Dalurinn er flatlendur, með graslendi og gróðursæll. Í hlíðum hans er íbúðarbyggð og er hann vinsælt útivistarsvæði. Fossvogsdalur er vel nýtt útivistarsvæði með góðum göngu- og hjólréiðastigum um dalinn þveran og endilangan. Í austur- og vesturenda dalsins er trjárækt og í þeim austari er verið að koma upp trjásafni þar sem fjölmörgum trjategundum og runnum er raðað saman eftir skyldleika. Í trjáræktinni halda sig ýmsar tegundir fugla, einkum skógarprestir, starrar, mariuerlur og auðnutittlingar. Fossvogsdalurinn er nýttur til gönguferða, íþróttar og leikja en einnig eru þar matjurtargarðar, skólagarðar, smíðavöllur og gæsluvöllur. Til þess að

gera útivistarsvæðið í Fossvogsdal enn betra verður í deiliskipulaginu fjallað um nýja göngustíga, hjólaleið, aðstöðu fyrir reiðhjól, betri tengingar við aðliggjandi hverfi og aukna trjárækt. Mögulega verður gert ráð fyrir veitingaaðstöðu bæði inni og úti við sundlaug til að þjónusta gesti á svæðinu.

Sundlaug í dalnum

Staðsetning á sundlaug í Fossvogsdal sem yrði byggð af Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ hefur verið í umræðunni síðasta áratuginn. Starfshópur á vegum Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar vann skýrslu um mögulega staðsetningu á sundlaug í Fossvogsdal 2013. Lögð var áhersla á að aðgengi ætti að

vera sambærilegt frá báðum sveitarfélögunum. Einnig að nauðsynlegt væri að tryggja að staðsetning og eðli sundlaugarinnar hefði ekki í för með sér aukna bílaumferð um íbúðarhverfin sitt hvoru megin við dalinn. Staðsetning átti að bjóða upp á möguleika á að gestir komi gangandi og hjólandi og ekki verði gert ráð fyrir bílastæðum við sundlaugina en gönguleiðir væru frá bílastæðum við Fossvogsskóla og Snælandsskóla. Við gerð deiliskipulags fyrir Fossvogsdal verði skoðaðar leiðir til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum sundlaugarmannvirkis.

Skipulagslýsing

Fyrstu drög að skipulagslýsingu hafa verið lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar og skipulagsnefnd Kópavogs og stefnt er að því að auglýsa lýsingu til kynningar fyrir almenningi og hagsmunaaðila snemmsumars, ásamt því að senda hana til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Stefnt er síðan að því að eftir sumarfrí verði komin drög að skipulagstillögu sem verða kynnt í nefndum og ráðum og fyrir almenningi og hagsmunaaðilum sem fer þá í viðeigandi skipulagslegt ferli. Gert er ráð fyrir að klára alla skipulagsvinnuna fljótlega í byrjun árs 2016.

Samkeppni

Elliðaárvogur-Ártúnshöfði

Reykjavíkurborg efndi til hugmynda-samkeppni um rammaskipulag svæðis við Elliðaárvog-Ártúnshöfða og er gert ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir í sumar

Reykjavíkurborg efndi til hugmynda-samkeppni um rammaskipulag svæðis við Elliðaárvog-Ártúnshöfða í byrjun árs 2015. Í framhaldinu af samkeppninni verður unnið rammaskipulag fyrir svæðið í heild, en það afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs Elliðaárvogi til vesturs, Grafarvogi til norðurs og Gullinbrú til austurs. Markmið er að stækka Bryggjuhverfið og endurskoða skipulag svæðisins á Ártúnshöfðanum þannig að það geti þróast og öðlast nýtt

Skipulagssvæðið



hlutverk sem blönduð byggð búsetu og atvinnu í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030.


Svæðið var áður í útjaðri byggðar en er nú miðsvæðis í Reykjavík. Á svæðinu, sem er að hluta til landfyllingar, hafa verið iðnaðarfyrtæk, verkstæði og geymslur gegnum tíðina og enn er slík starfsemi víða. Svæðið er eitt af lykiluppbyggingarsvæðum í borginni og gegnir veigamiklu hlutverki í mark-

miðum aðalskipulagsins að þetta byggð í borginni. Þess vegna þykir tímabært að hefja vinnu við endurþróun þess en fyrirsjáanlegt er að verkefnið í heild sinni er langtíma verkefni.

Um er að ræða lokaða hugmynda-samkeppni þar sem fimm aðilar voru valdir að undangengnu forvali. Stefnt er að því að niðurstaða úr hugmynda-samkeppninni liggi fyrir í sumar.

Hverfisskipulag

HVERFISSKIPULAG - AFMÖRKUN HVERFA
BORGARHLUTI 7 - ÁRBÆR



Nýlega voru verklýsingar fyrir öll hverfi í borgarhlutunum Árbæ og Breiðholti samþykktar í borgarráði. Í kjölfarið hefst annar áfangi, sem er gerð tillagna að hverfisskipulagi

Reykjavík er skipt í tíu borgarhluta og er ætlunin að vinna hverfisSKIPULAG fyrir öll hverfi borgarinnar. Innan hvers borgarhluta geta verið 3–4 hverfi sem hvert fær sitt eigið hverfisSKIPULAG, enda um margt ólík og með mismunandi áherslur. HverfisSKIPULAG er unnið á grunni stefnumótunar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. HverfisSKIPULAGI er ætlað margþætt hlutverk s.s. að stuðla aðvistvænum og sjálfbærum lausnum, bæta nærumhverfið og stuðla að heilsu-eflandi hverfum. Í vinnu við hverfisSKIPULAGIÐ verða gildandi skipulagsskilmálar sameinaðir í eitt heildarskipulag sem á að auðvelda skipulagsvinnu og áætlana-

gerð til framtíðar. Mikilvægur hluti af þessari vinnu er einnig að hvetja fólk til að hafa aukin áhrif á mótun síns hverfis. Vinnu við hverfissskipulag er skipt í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga er unnin verklýsing á helstu forsendum og því sem á að gera í seinni áföngum. Í öðrum áfanga er mótuð tillaga að hverfissskipulagi. Í öllu ferlinu verður haft viðtæk samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

Árbær og Breiðholt

Hafin er vinna við hverfisSKIPULAG í Árbæ og Breiðholti. Nýlega voru verklýsingar fyrir þessa tvo borgarhluta samþykkt í borgarráði. Í kjölfarið hefst annar áfangi,

sem er hin eiginlega vinna við mótun á tillögum að hverfisSKIPulagi. Stefnt er að því að sú vinna hefjist sumarið 2015 og er stefnt að því að ljúka öðrum áfanga hverfisSKIPulags fyrir Árbæ og Breiðholt snemma árs 2016. Þá verður farið í formlegt kynningarferli og hafa íbúar og hagsmunaaðilar enn á ný möguleika á því að koma með athugasemdir, sem verða teknar til formlegrar umfjöllunar af borgaryfirvöldum áður en hverfisSKIPulag þessara borgarhluta verður samþykkt. Í haust er síðan stefnt að því að hefja vinnu við þrjá borgarhluta í viðbót en það eru Hlíðar, Laugardalur og Háaleiti- Bústaðir.



Stækkun Klettaskóla

Nú eru hafnar framkvæmdir við byggingu þriðja áfanga Klettaskóla, sem er viðbygging norðvestan við skólann

Nú eru hafnar framkvæmdir við byggingu þriðja áfanga Klettaskóla. Skólinn, sem áður hét Öskjuhlíðarskóli, var byggður í tveimur áföngum árin 1974 og 1985 og er sérskóli á grunnskólastigi. Í byrjun árs 2012 heimilaði borgarráð að hafin yrði vinna við hönnun síðasta áfanga skólans um leið og núverandi húsnæði yrði endurgert. Útboð á jarðvinnuframkvæmdum fór fram í mars, en gert er ráð fyrir að jarðvinnu ljúki áður en skólahald hefst næsta haust. Þá hefst eiginlegar byggingarframkvæmdir og munu þær standa fram til ársins 2018.

Íþróttasalur og sundlaug

Í viðbyggingunni, sem rís norðvestan við skólann, verður hátíðarsalur, íþróttasalur og sundlaugar til þjálfunar og sundkennslu ásamt stoðrymum. Félagsmiðstöð verður í húsinu austanverðu og er hún í góðum tengslum við frístunda- aðstöðuna í skólanum. Umfangsmiklar endurbætur og breytingar verða gerðar á núverandi húsi og mun aðstaða stjórnenda og starfsfólks færð í nýbygginguna, en verkgreinastofur flytjast í eina smíðju þar sem stjórnunin er nú. Upplysingaver og bókasafn skólans verður endurgert, gangar breikkaðir, anddyri stækkað og öll aðgengismál lagfærð til samræmis við auknar kröfur um rými og bætt aðgengi. Öll kennsla verður á einni hæð. Með því er lögð áhersla á skilvirkni í skólastarfinu og að hafa umferðarleidir stuttar.

Byggingin felld inn í landið

Skólinn er staðsettur í grónu hverfi og við hönnunina var reynt að taka tillit til þess eins og kostur var. Þannig miðar allt ytra fyrirkomulag bygginga

skólans að því að ásýnd hússins gagnvart aðliggjandi byggð sé sem mildust. Íþróttasalurinn verður niðurgrafinn til hálfis og byggingin staðsett eins langt frá lóðarmörkum og mögulegt er. Lóðin verður endurgerð og hönnuð þannig að hún mæti sérstökum þörfum nemenda skólans. Lögð er áhersla á að umhverfið sé nærandi og verndandi.

Með sundlaug á staðnum og bættari þrótt- og fristundaðstöðu verður ekki lengur þörf á að aka nemendum bæjarhluta á milli. Enginn samkomusalur er í skólanum í dag fyrir stærri athafnir eins og skólasetningu, jólböll, sýningar o.þ.h. og því verður nýr hátíðarsalur kærkomin viðbót. Áætlað er að nemendur skólans verði 80–100 og mun viðbyggingin gjörbreyta starfsemi skólans og þjónustu við fötluð börn á grunnskólastigi.

Drekinn í Vogunum



Drekinn á leiksvæðinu í Vogunum

Drekahöfuð úr timbri setur nú svip sinn á leiksvæðið sem liggur milli Dreka­vogs, Njörvasunds og Sigluvogs. Drekinn liðast um og tengir leikrýmin innan svæðisins saman

Á haustdögum 2014 var lokið endurgerð leiksvæðisins sem liggur milli Dreka­vogs, Njörvasunds og Sigluvogs. Leiksvæðið er hefðbundinn hverfisgarður með áherslu á fjölbreytt leik­­tæki og aðstöðu til útivistar fyrir alla aldurshópa. Við endurgerð leiksvæða í hverfum leggur Reykjavíkurborg áherslu á að tekið sé mið af hverfisbrag, sögu og menningu og að samvera kynslóða, fjölskyldu og vana sé höfð að leiðarljósi. Við framkvæmd verkefna er sérstaklega hugað að sjálfbærni og efni tekið úr nærumhverfi eins og kostur er.

Samvinna við íbúa

Hönnun leiksvæðisins við Dreka­vog var í höndum Kristínar Þorleifsdóttur,

landslagsarkitekts, en í hönnunarferlinu var lögð áhersla á góða samvinnu við íbúa hverfisins og notendur. Margir sýndu áhuga á að leggja hönnuðinum lið við þróun hugmynda fyrir leiksvæðið, bæði börn og fullorðnir. Í Vogunum bera margar götur heiti sem vísa til skipa eða skipshluta og er Dreka­vogur þar engin undantekning. Götuheitið visar í dreka­höfuð sem áður skreyttu langskip eða knerri landnámsmanna. Dreka­höfuðið er líka grunnhugmyndin í hönnun leiksvæðisins. Drekinn liðast um leiksvæðið í formi ævintýrabrautar sem tengir leikrýmin innan svæðisins saman. Drekinn er ýmist sýnilegur ofanjarðar eða stingur sér undir yfirborðið og eru birtingarmyndir hans afar mismunandi.

Höfuðdjá­sn svæðisins er dreka­höfuð (klífurskúlpútr úr timbri) sem unnið var af myndlistarkonunni Aðalheiði S. Eysteinsdóttur og Arnari Ómarssyni.

Ungbarnaróla og berjarunnar

Auk drekans voru ýmsar endurbætur gerðar á leik- og gróðursvæðum. Meðal annars var grasboltasvæði jafnað og berjarunnar gróðursettir á svæðinu, bætt við nestisborði, bekkjum og ungbarna­rólu. Skipt var um fallvarnarefni og sérstök áhersla var lögð á að auka lýsingu á svæðinu, en með því er ætlunin að efla öryggi og auka notagildi svæðisins.

Nýtt móttökuhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Móttökuhúsið er fyrsti áfanginn í uppbyggingar-áætlun garðsins

skólans endurnýjaðir og ýmsar við­haldsframkvæmdir unnar á svæðinu s.s. lagfæringar á girðingum, hellulögn og merkingum.

Allt árið er mikil aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og er garðurinn vinsæll

áningastaður allra aldurshópa. Boðið er upp á fjölbreytta afþreyingu og aðstöðu til útivistar um leið og gestir geta fylgst með og notið samvista við íslensku húsdýrin og önnur dýr í garðinum.

Þann 1. apríl síðastliðinn opnaði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, nýtt móttökuhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, en garðurinn fagnar 25 ára afmæli í maí. Nýja móttökuhúsið bætir mjög aðkomu gesta að garðinum. Í húsinu verður miðasala, aðstaða fyrir smásölu og móttöku hópa, símavarsla og vörumóttaka. Aðalhönnuður móttökuhússins er Hjörtur Pálsson hjá Arkþing, en verkfræðihönnun var í höndum VSÓ.

Móttökuhúsið er fyrsti áfanginn í uppbyggingaráætlun garðsins, en á næstu dögum verður boðin út bygging á nýju gripahúsi fyrir svín. Einnig er unnið að hönnun húss fyrir náttúruskóla og aðstöðu fyrir starfsfólk. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er mikil áhersla lögð á umhverfismál og reynt eftir fremsta megni að notast við umhverfisvænan búnað og efni innan svæðisins.

Vað- og vatnsleikjasvæði

Í júní verður nýtt vað- og vatnsleikjasvæði formlega opnað gestum garðsins og búið er að endursmiða litla kofaþorpið við klífurkastalasvæðið. Þá er verið að smíða nýja aðstöðu fyrir smágröfurnar og lokið er endursmiði á Krakkafossi (rugguskip), sem einnig verður opnaður gestum í júní. Í sumar verður klessubílaflotinn og bílar öku-

Nýja móttökuhúsið



Frá opnun móttökuhússins





Stuðningur við sumargötur

Ákveðið hefur verið að lengja það tímabil sem sumargötur verða lokaðar fyrir bílaumferð. Í ár verður lokað frá 15. maí til 15. september

Pósthússtræti við Kirkjustræti verður lokað fyrir bílaumferð frá 15.maí til 15. september. Gatan verður opin fyrir akstur milli kl. 08:00 og 11:00 frá mánu- degi til föstudags. Bifreiðastöður í Pósthússtræti sunnan Hafnarstrætis verða óheimilar á meðan gatan er lokað fyrir bílaumferð. Séð verður til þess að bílastæði fyrir hreyfihamlaða verði stað- sett nálægt göngusvæði í Kvos. Hafnar- stræti verður lokað frá 1.maí til 1.októ- ber að austanverðu frá Pósthússtræti. Umferð verður heimiluð í Hafnarstræti frá Tryggvagötu.

Laugavegi verður lokað fyrir bílaum- ferð við Vatnsstíg og Skólavörðu- stigur verður lokaður fyrir bílaumferð við Bergstaðastræti frá 15. maí til 15. september. Göturnar verða þó opnar fyrir akstur milli kl. 08:00 og 11:00 frá mánudegi til föstudags. Bifreiðastöður verða óheimilar á umræddum götu-

köflum meðan göturnar eru lokaðar fyrir bílaumferð. Blómakerum, bekkjum eða öðrum götugögnum verður komið fyrir í bílastæðum á svæðinu, eitt bílastæði á hverjum götukafli verður þó laust fyrir vöruafgreiðslu.

Samráð verður haft við Miðborgina okkar, Bílastæðasjóð, samtök kaup- manna og fasteignaeiganda og íbúa- samtök miðborgarinnar um tímabundna innréttingu á göngugötum. Haft verður samband við ferlinefnd um aðgengi fyrir alla og fyrirkomulag bílastæða fyrir hreyfihamlaða og götugögn borin undir nefndina. Séð verður fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða eins og verið hefur undanfarin ár. Bætt verður við fleiri bekkjum og blómum en áður.

Ýmis konar viðburðir verða í kringum sumargöturnar eins og verið hefur síðustu ár: Myndlistarsýning verður á

Samkvæmt könnunum Capacent hefur ánægja með sumargötur aukist ár frá ári. Hlutfall borgarbúa sem voru hlynntir sumargötum:

63% árið 2012

68% árið 2013

76% árið 2014

ingar í þjónustukönnun sveitarfélaga sem gerð var í desember 2014 og spurði þar um viðhorf til göngugatna. Um það bil eitt þúsund Reykvíkingar svöruðu sem telst vera um 60% svarhlutfall.

Reykjavík sem vistvæn borg
Spurt var „Hversu sammála eða ósam- mála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Reykjavík er vistvæn borg.“

Niðurstaðan var að 36% telja svo vera en 39% tóku ekki afstöðu og 24% telja svo ekki vera. 55 ára og eldri eru meira sammála þessari fullyrðingu en yngra fólk. Fulltrúi Capacent, sem framkvæmdi könnunina, telur að sennilega þurfi að kynna betur hugtakið „vistvæn borg“, fyrst svo margir voru hlutlausir.

Laugardalur vinsælasta útivistarsvæðið
Þá var spurt „Hefur þú heimsótt neðan- greind útivistarsvæði Reykjavíkurborgar á sl. 12 mánuðum?“

Laugardalurinn reyndist vinsælastur meðal borgarbúa og höfðu 73% að- spurðra heimsótt hann, næst í röðinni

var Tjörninn með 64%, Elliðaárdalur með 57% og næst á eftir komu Öskjuhlíðin, Heiðmörk, Klambratún og Fossvogs- dalur. Fæstir höfðu heimsótt Rauðhóla. Fleiri konur en karlar virtust nota Laugar- dalinn til útivistar og flestir sem þangað fóru voru íbúar í Laugardal, Háaleiti og í Bústaðahverfi.

Ferðavenjuspurningar
Tvær spurningar lutu að ferðavenjum, en sennilega hefur það marktæka þýðingu að þessi könnun var gerð í desember, en í nóvember 2013 og í október 2012. Það truflar samanburð sökum ólíkra veðurskilyrða í þessum mánuðum. Um- hverfis- og skipulagssvið hefur spurt þessara spurninga undanfarin ár vegna söfnunar á upplýsingum.

Spurt var: „Með hvaða hætti fór barnið þitt/börnin þín í grunnskólann síðast þegar það/þau sóttu skóla?“

Flest börn ganga í skólann, en um- hverfis- og skipulagssvið hefur unnið að því markvisst undanfarin ár að bæta göngu- og hjólaleiðir í skóla borgar- innar, eftir ábendingum frá skólabörnum.

68% barna gengu í skólann í desember 2014 en 73% í nóvember árið áður. 27% þeirra var skutlað með einkabíl í desem- ber 2014 en 22% árið áður.

Einnig var spurt: „Með hvaða hætti ferðast þú að jafnaði til vinnu eða skóla á morgnana?“

73% keyrðu sjálfir eða voru farþegar í bíl. Ekki eru miklar breytingar sjáanlegar á þessum lið frá árunum á undan. Þó kemur fram að konur eru líklegri en hitt kynið til að ferðast með strætó og karlar líklegri en konur til að hjóla. Hlutfall þeirra sem ferðast á bíl sem bílstjórar fer úr 53% í 47% hjá fólki á aldrinum 18–34. Reykjavíkurborg gerði ítarlega ferðavenjukönnun 2014 í samstarfi við Vegagerðina þar sem fram kom að æ fleiri hjóla og ganga til og frá vinnu.



Ferlinefnd um aðgengi fyrir alla

Ný ferlinefnd um aðgengismál fatlaðs fólks var skipuð haustið 2014. Hún hefur eftirlit með ferlihönnun bygginga á vegum borgarinnar og að götur, gangstéttir og önnur opin svæði í borgarlandinu uppfylli mismunandi aðgengisparfir

Samkvæmt samþykktu stefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2004 skal öll starfsemi Reykjavíkurborgar vera rekin í húsnæði sem er að fullu aðgengilegt hvort sem það er í eigu borgarinnar eða leiguhúsnæði. Þann 10. september 2004 skipaði borgarstjóri nefnd um aðgengismál fatlaðs fólks að stofnunum Reykjavíkurborgar og sneru verkefni nefndarinnar eingöngu að húsnæði og byggingum borgarinnar. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að skilgreina þörfina og koma með tillögur um hvernig ferlihönnun yrði háttuð í öllum nýbyggingum á vegum Reykjavíkurborgar.

Ný ferlinefnd var skipuð haustið 2014 og var samþykkt að nefndin hefði víðtækara verksvið en áður. Til viðbótar eftirliti með ferlihönnun bygginga eru götur, gangstéttir og önnur opin svæði í borgarlandinu nú einnig umfjöllunarefni nefndarinnar og fylgist hún með því að svæðin uppfylli mismunandi aðgengisparfir. Ferlinefndinni berast mál úr borgarkerfinu, en einnig annars staðar frá. Þar að auki getur ferlinefndin tekið upp mál að eigin frumkvæði. Þrír fulltrúar í nefndinni eru skipaðir af Öryrkjabandalagi Íslands, einn af Landssamtökunum Proskahjálpi og einn af Félagi eldri borgara.

Síðan ný ferlinefnd tók til starfa hafa mál sem henni hafa borist verið af ýmsum toga. Í málum sem snúa að aðgengi að byggingum hefur verið óskað eftir úttekta á aðgengi að húsnæði sem Reykjavíkurborg leigir og almenningur þarf að sækja þjónustu til. Ef úttekta leiðir



Bætt aðgengi við Ölduselsskióla

í ljós óviðunandi aðgengi óskar nefndin eftir því að aðgengi verði bætt. Ferlinefndin fylgist svo með hvort þær breytingar sem gerðar eru fullnægi kröfum. Í sumum tilfellum er óskað eftir samstarfi við ferlinefnd um minniháttar breytingar vegna ferlimála t.d. varðandi bílastæði og innganga í húsnæði. Þá hefur fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs metið hvaða aðgerða þurfi að grípa til. Nýlega er lokið breytingum á húsnæði Seláskóla og Ölduselsskóla og aðgengi hreyfihamlaðra bætt m.a. fyrir notendur hjólastóla.

Ferlinefnd hafa einnig borist mál sem varða til að mynda staðsetningu á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, nýja gatnahönnun í borgarlandinu og staðsetningu

gangbrautarljósa. Ferlinefndin hefur í þeim tilfellum farið yfir teikningar og lagt fram tillögur um hvernig best er að haga málum til þess að fjölbreyttum aðgengispörfum fatlaðs fólks sé mætt. Nýlega gerði nefndin til dæmis aðgengisúttekt á útvarpshúsinu í Efstaleiti að beiðni eiganda þess, en borgin mun leigja hluta húsnæðisins fyrir þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis-Bústaða.

Söfnun glers á grenndarstöðvum



Gler er kjörið til endurvinnslu en of allt of margt af því fer til spillis. Reykjavíkurborg hefur af þeim sökum hafið tilraun á söfnun glers á grenndarstöðvum

Markmið Reykjavíkurborgar með því að hefja söfnun á gleri á grenndarstöðvum er að skoða forsendur þess að safna steinefnum og nota sem burðarlag. Tilraun þessi er jafnframt liður í að auka gæði molu sem unnin verður í gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. sem ætlunin er að reisa í Álfsnesi.

Skógarsel, Laugardalslaug og Kjarvalsstaði

Söfnunargámum undir glerumbúðir hefur verið komið fyrir á þremur grenndarstöðvum við Skógarsel, Laugardalslaug og Kjarvalsstaði. Í gámana má skila hvers konar gleri sem fellur til á heimilum, s.s. sultukrúkkum, glerflöskum án skilagjalds og öðrum ílátum úr gleri. Glerið má hvort sem er vera glært eða litað en þarf að vera hreint og ílát tóm.

Talið er að árið 2014 hafi rúmlega eitt þúsund tonn af gleri og steinefnum fallið til í Reykjavík og verið urðuð með blönduðum úrgangi í Álfsnesi. Gler er um 5% alls blandaðs úrgangs sem endar

í gráum tunnum borgarbúa samkvæmt nýlegri greiningu SORPU bs. á samsetningu úrgangs. Það er því til nokkurs að vinna að flokka það frá.

Endurvinnsla glers borgar sig

Út frá umhverfislegu sjónarhorni borgar sig að flokka, safna, flytja út og endurvinnna gler frá Íslandi. Efla verkfræðistofa vann nýlega mat á umhverfisáhrifum og ávinningi af söfnun, útflutningi, flokkun og endurvinnslu umbúðaglers frá Íslandi með aðferðafræði vistferilsgreiningar (e. Life Cycle Assessment, LCA) fyrir Úrvinnslusjóð og Endurvinnsluna. Niðurstöðurnar voru að flokkun, söfnun, flutningur og endurvinnsla glers borgar sig út frá umhverfisáhrifum í öllum umhverfisáhrifaflokkum.

Söfnun glers viðbót við þjónustu grenndarstöðva

Grenndarstöðvar í Reykjavík eru 57. Árið 2014 söfnuðust í þær 993 tonn af pappír og 70 tonn af plasti. Mest safnast á stöðinni við Bústaðarveg.

Á mörgum grenndarstöðvum hafa Bandalag íslenskra skáta og Rauði krossinn komið fyrir söfnunarskápum fyrir drykkjarumbúðir með skilagjaldi og textíl.

Söfnun glers á grenndarstöðvum er því hrein viðbót við þjónustu grenndarstöðvanna. Með samþykkt nógildandi Aðalskipulags Reykjavíkur sem gildir til 2030 var ákveðið að byggja enn frekar upp þjónustu stöðvanna í Reykjavík til að auðvelda flokkun og endurnýtingu endurvinnanlegra efna.

Laugardalurinn er ein af perlum borgarinnar

Í dalinn sækja borgarbúar í margs konar útivist og íþróttir. Nýlega var íbúafundur í dalnum og þar var rætt um styrk hans og framtíð

Íbúafundur í Laugardal



„Markmiðið í Laugardalnum er fyrst og fremst að stuðla að frekari uppbyggingu fyrir íþrótt- og tómstundastarf en jafnframt að opna garðinn eins og kostur er með auknum gróðri og gerð stíga og útivistarsvæða,“ sagði Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar á íbúafundi um Laugardalinn sem Íbúasamtök Laugardals og Hverfisráð Laugardals héldu saman 23. mars.

Vagga íþróttar og heilbrigðis

Fundurinn var fjölmennur og voru gestir áhugasamir enda Laugardalurinn mikilvægur fyrir alla borgarbúa. „Styrking Laugardalsins er til þess fallin að gera dalinn enn betri, fallettri, heilnæmari og öruggari,“ sagði Ólöf sem fór yfir sögu skipulagsins í Laugardalnum á fundinum og benti m.a. á að eldri hugmyndir um byggingaframkvæmdir hefðu hoptað fyrri stærra grænu svæði í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Grasagarður Reykjavíkur

Ólöf leit til framtíðar Laugardals og sagði að nýverið hefði verið samþykkt breyting á skipulagi við Grasagarð Reykjavíkur en þangað fluttist frístundaheimili sem leysir einnig húsnaðisvanda

skólanna í kring. Þetta sambýli grasa- garðs og frístundaheimilis hefur gengið afar vel og nú stendur til að bæta lýsingu gönguleiða og fara í ýmsar lagfæringar á þeim. Hún sagði að við tjaldmiðstöðina væru líka fyrirhugaðar breytingar eða stækkun á þjónustumiðstöð.

Húsdýragarðurinn stækkar

Töluverðar breytingar eru fyrirhugaðar í húsdýragarðinum og nýverið fékkst heimild til að bjóða út framkvæmdir þar. Það á að byggja móttökuhús, gripahús fyrir svin og náttúru- og fræðsluhús.

Ólöf sagði að ráðast þyrfti í ýmsar framkvæmdir og lagfæringar á frjálsíþróttaleikvanginum m.a. vegna Smáþjóðaleikanna 2015. Framkvæmdir hófust þar sumarið 2013 og er haldið áfram 2015. Áætlaður heildarkostnaður er um 120 milljónir króna.

Hún sagði að engar aðrar breytingar á Laugardal væru í farvatninu og ekkert deiliskipulag áformað þar á næstu árum. „Það á ekki að koma nálægt dalnum sjálfum, trén sem flestir þekkja við Suðurlandsbraut eru markalínan. En sem endranær er ákveðin uppbygging

heimiluð í kringum íþróttamannvirkin og á Suðurlandsbrautinni, náist samningar við alla þá fjölmörgu hagsmunaaðila sem að málinu þyrftu að koma, en ekki í dalnum sjálfum,“ sagði hún. Í aðalskipulagi Reykjavíkur er skilgreind mjó ræma við Suðurlandsbrautina sem miðsvæði og þar gætu komið lágreist hús sambærileg þeim sem eru við Engjateig. Ef vilji væri fyrir því þyrfti að ná samkomulagi við fjölmarga hagsmunaaðila og deiliskipuleggja með tilheyrandi samráði við íbúa.

Áherslan í aðalskipulagi Reykjavíkur er á gæði byggðar og á aukna þéttingu. Ólöf sagði að við slíkar áherslur væru grænu svæðin mikilvægari en nokkru sinni enda segir skýrt í aðalskipulaginu að ekki verði gengið á græn svæði heldur svokölluð grá eða brún – sem er endurnýting vannýttra svæða. Fundurinn var sendur út hjá netsamfelag.is og má sjá upptökuna þar.



Fræðsluskilti um lífríki fjörunnar

Tvö ný fræðsluskilti hafa verið sett upp í Reykjavík og er viðfangsefni þeirra lífríki fjörunnar með áherslu á þörungar og smádýralíf

Nýju skiltin eru á tveimur stöðum, annars vegar í Skerjafirði, nánar tiltekið við Faxaskjól í Vesturbæ Reykjavíkur, og hins vegar við Gorvík milli Víkur- og Staðahverfis í Grafarvogi, við göngu- stíginn sem liggur milli Geldinganeðs og Blikastaðakrú.

Skiltin eru hluti af fræðsluáttaker umhverfis- og skipulagssviðs um náttúru og lífríki Reykjavíkur Reykjavík – iðandi af lífi. Á skiltunum má sjá fallegar myndir af algengustu tegundum af þörungum og smádýrum sem einkenna lífríki fjörunnar á hvorum stað fyrir sig. Myndirnar

eru eftir Jón Baldur Hlíðberg, sem er landspekkur fyrir teikningar sínar af dýrum og plöntum.

Í Skerjafirði eru víðamestu þangfjörur í Reykjavík. Þær eru fremur stórgrýttar en brim er með minna móti og því aðstæður mjög góðar fyrir ýmsar tegundir þörungar. Fjölbreytni þang- og þarategunda er því mikil og má vel sjá þá beltaskiptingu sem einkennir tegundaaðugar þangfjörur. Efst í fjörunni þar sem er þurrast eru dvergþang og klapparþang einkennandi, um miðbik fjörunnar er klóþang ríkjandi ásamt bóluþangi og þangskeggi, neðarlega við flæðarmálið er sagþang algengast en einnig er mikið af smáum rauðþörungum eins og söl og fjörugrösum. Allra neðst er síðan þarabellið sem fer einungis að hluta til upp fyrir sjávarborðið þegar stórstreymt er. Stórþari, hrossþari og beltisþari eru algengustu þarategundirnar. Dýralífið í þangfjörum Skerjafjarðar er sömuleiðis fjölskrúðugt. Sniglar eru einna mest áberandi, sérstaklega klettadoppur, þangdoppur og nákuð-

ungar. Burstaormar eins og snúðormar, skerar og hreisturbakir eru algengir sem og liðdýr, einkum þanglýs, marflær og krabbar. Einnig má finna fiska eins og marhnút og sprettisk í pollum neðarlega í fjörunni.

Gorvík er litil vík rétt fyrir austan Geldinganeðs fyrir norðan Grafarvogshverfið. Þar er blönduð fjara, þónokkur þangfjara þótt ekki sé mjög stórgrýtt, en einnig sandfjara og leirur sem tengjast víðáttu- miklu leirunum við Blikastaðakró eilítið austur. Tegundafjölbreytni þörungar er töluverð þó beltaskipting sé takmörkuð. Klóþang, söl og purpurahimna eru áberandi á sandfjörunni og einnig er mikið um sjórekin þara. Í sandinum eru samlokur áberandi t.d. kúfiskel og hjartaskel. Í leirunum eru burstaormar eins og sandmaður og í Gorvík hafa fundist risaskerar, stundum í miklum mæli, en þeir geta orðið allt að 25 sm langir.

Skiltin má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkur – iðandi af lífi, www.reykjavik.is/idandi.

Gler lifir að eilífu

KOMUM ÞVÍ Í ENDURNÝTINGU



Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólóf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elínborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Halldóra Hrólfsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar



Reykjavíkurborg

Prentun: Prentmet –
Svansvottuð prentsmiðja

Forsiðumynd:
Elínborg Ragnarsdóttir